

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 5. október 2022
Málsnúmer: 202208-0020
SS/IAS

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu eldisstöðvar laxfiska á landi í Vestmannaeyjum

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 18. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu vegna framkvæmdar *Iceland Land Farmed Salmon* á eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 23. júlí 2021. Þá hefur stofnunin veitt umsagnir til Vestmannaeyjabæjar varðandi skipulagsbreytingar tengt tillögunni. Vísað er í þær umsagnir eins og við á hér á eftir.

Sú breyting hefur orðið á framkvæmdinni síðan matsáætlun var kynnt að bætt hefur verið við seiðaeldisstöð í Friðarhöfn, nokkuð frá aðalframkvæmdasvæðinu.

Almennt er umhverfisskýrslan vönduð og ítarleg og flestum ábendingum Náttúrufræðistofnunar úr umsögn stofnunarinnar um matsáætlun hefur verið svarað t.d. um meðferð úrgangs og vöktun með fráveitu og áhrif á viðtaka.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina kom fram að þótt framkvæmdasvæðið sé að nær öllu leyti á röskuðu svæði þá þarf að taka tillit til þess að svæðið er umkringgt afar merkilegum jarðfræðiminjum sem hafa hátt verndargildi, og landslagi sem er að mörgu leyti einstakt hérlendis enda fáir staðir þar sem jafn nýleg hraun hafa flætt til sjávar. Þá er allt svæðið á náttúruminjasrá. Þá verður stórfelld uppbygging mannvirkja mun meira inngríp inn í svæðið og á ýmsa náttúrufræðisástandi t.d. ásýnd, landslag, útivistargildi og áhrif á lífríki en sú efnistaka sem þar hefur verið stunduð.

Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir niðurstöðu umhverfismatsins að áhrif á landslag og sjónræn áhrif verði jákvæð, því þótt farið verði í tiltekt á svæðinu þá mun tilkoma stórra, áberandi bygginga og annarra mannvirkja gjörbreyta ásýnd svæðisins þar sem landeldisstöðin rís og færa það enn fjær náttúrulegu ástandi. Það sést vel á ásýndarmyndum í umhverfismatsskýrslunni. Þá verður erfiðara að endurheimta náttúrulegt ásýnd miðað við það sem mögulegt væri í dag.

Bent var á í umsögn um matsáætlun að fjalla þyrfti um áhrif breytinga á aðkomuvegum á hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að endanleg lega aðkomuvegar hafi ekki verið ákveðin en að gert sé ráð fyrir því að vegurinn muni liggja að langmestum hluta á sama stað og núverandi vegur en að byggja þurfi hann upp og breikka á köflum þar sem beygjur eru krappar. Þá er gert ráð fyrir að rafmagns- og vatnsveita verði grafin meðfram veginum. Náttúrufræðistofnun áréttar



að forðast ber að vegagerðin valdi óþarfa raski á eldhrauninu umfram það sem þegar hefur verið raskað.

Í umsögn um matsáætlun var einnig bent á að mikilvægt sé að leggja mat á hver áhrif á framkvæmdir eða starfsemi verði á náttúru- og hverfisverndarsvæði sem liggja þétt upp að svæðinu sem um ræðir. Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að framkvæmdasvæðið sé utan verndarsvæða og að ekki sé hætt á raski. Náttúrufræðistofnun vill benda á að við framkvæmd á viðtakatjörn mun aukast sá hæðarmunur sem nú þegar er milli þess svæðis sem tjörnin á að vera staðsett á og hverfisverndarsvæðisins „Þorbjörn (HV-6)“. Með þessum aukna hæðarmun eykst hætt á rofi úr hlíðinni og það efni sem losnar gæti mögulega fallið í tjörnina.

Lítið er fjallað um ljósmengun, aðeins sagt að þar sem öll ker séu yfirbyggð verði dregið úr mestu áhrifum. Engu að síður verður lýsing á svæðinu og er hún líkleg til að draga að sér lundapysjur, skrofu-, sjósvölu-, stormsvölu- og fýlsunga síðsumars og á haustin þegar þeir fljúga úr hreiðrum. Svæðið verður afgirt og því mikilvægt að starfsmenn eldisins sjái til þess að fuglum sem villast inn á svæðið verði bjargað og komið til sjávar.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

